



## Verkfræðingafélag Íslands

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið  
Sölvhólsstötu 7  
101 Reykjavík

**Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð. Mál nr. 40/2021.**

Í inngangi kemur fram að málsefnið sé:

„Ný heildstæð lög um rekstur og uppbyggingu flugvalla og flugleiðsögubjónustu. Frumvarpið felur í sér einföldun regluverks og er ætlað að draga fram verkefni stjórnvalda á þessu sviði með mun skýrari hætti en í gildandi lögum“.

Að mati VFÍ er tímabært að lagfæra þann bútasam sem stundaður var þegar umfangsmiklar breytingar voru gerðar á skipulagi flugmála á fyrsta áratug aldarinnar.

Því miður virðist þetta lagafrumvarp ekki ná þeim markmiðum nema að hluta og því hætta á að núverandi óvissuástand muni ríkja áfram.

Skilgreina þarf betur „heildstæða flugvallarþjónustu“ svo eitt dæmi sé tekið.

Í lagafrumvarpinu er nánast ekkert fjallað um hvernig eigi að standa að uppbyggingu flugvalla og flugleiðsögubjónustu. Hér er þó um að ræða lagafrumvarp *um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð* eins og fram kemur í heiti laganna.

Í greinum frumvarpsins er varla minnst á uppbyggingu nema í 2.gr., sem er þó fyrst og fremst skilgreiningar.

Nauðsynlegt er að í lögnum sé fjallað um uppbyggingu og endurbætur á innviðum flugvalla og flugleiðsögubjónustu og hver eigi að gegna hlutverki eigandans að þessum mannvirkjum. Í Noregi og Svíþjóð er þetta skýrt þar sem Avinor er eigandi 44 flugvalla og Swedavia eigandi 10 stærstu flugvalla Svíþjóðar. Svipað fyrirkomulag er í Finnlandi, þar sem Finavia ber alla ábyrgð á 21 flugvelli.

Stjórn VFÍ leggur til að frumvarpið verði endurskoðað-í ljósi þess hvernig sambærilegum rekstri og uppbyggingu er háttað á öðrum Norðurlöndum.

Reykjavík, 26. febrúar 2021.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.